



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands  
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250  
Netfang: hsl@hsl.is

# STARFSLEYFI

## Vestmannaeyjaflugvöllur

Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu með viðgerðaaðstöðu fyrir eigin tæki

### Vestmannaeyjaflugvelli, fastanr. F2185146 900 Vestmannaeyjum

Nafn og kt. rekstraraðila: **Isavia Innanlandsflugvellir ehf, kt. 5912191380**  
Heimilisfang: **Reykjavíkurlugvelli, 102 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 15. mars 2023**

**Gildir til: 15. mars 2035**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Vestmannaeyjaflugvöll og bifreiða- og vélaverkstæði,  
dags. 15. mars 2023.**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 15. mars 2023

**Áslaug Rut Áslaugsdóttir**  
heilbrigðisfulltrúi





# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir Vestmannaeyjaflugvöll

Isavia Innanlandsflugvellir ehf.

kt. 591219-1380

Vestmannaeyjaflugvelli, 900 Vestmannaeyjum

## 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Starfsleyfiskilyrði þessi gilda fyrir rekstur flugvallar í Vestmannaeyjum.

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Innanlandsflugvöll
- Flugstöðvarbyggingu
- Varaafstöð
- Tækja- og sandgeymslu
- Viðgerðaaðstöðu fyrir eigin vélar

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfiskilyrði.

Leyfisskyld starfsemi sem leyfi þetta nær ekki til:

- Veitingarekstur eða geymsla matvæla og
- Olíumannvirki, viðhald og búnaður sem tengjast flugvélaeldsneyti og staðsettur er norðan megin á flughlaði.

1.2 Starfsleyfiskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

1.3 Eintak af starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

1.4 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfiskilyrðum þessum.

1.5 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og e.t.v. fleiri reglugerðum sem um starfsemina gilda.



- 1.6 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun loft, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.7 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.8 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.9 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemi lögð niður.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.12 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## **2. LÝSING Á STARFSEMI OG SKILYRÐI SEM GILDA**

### **2.1 Flugvallarsvæðið**

Flugvallarsvæðið skal vera afgirt, hlið skulu vera læst og það tryggt að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu.



## 2.2 Flugstöð

Í flugstöðinni er biðsalur og innritunaraðstaða farþega, snyrtingar, ræstiaðstaða og loftræstikerfi.

Um starfsemina gilda m.a.:

- Reglugerð 941/2022 um hollustuhætti m.s.br.

## 2.3 Almenningsalerni

Snyrtingar gesta eru í miðju flugstöðvarhúsi.

Um starfsemina gilda m.a.:

- Reglugerð 941/2022 um hollustuhætti m.s.br.

## 2.4 Ræstiaðstaða og loftræsting

Ræstiaðstaða er í miðjurými flugstöðvarinnar. Hreinlætisáætlun skal liggja fyrir sem og skráning á þjónustu og viðhaldi loftræstikerfa.

Um starfsemina gilda m.a.:

- Reglugerð 941/2022 um hollustuhætti m.s.br.

## 2.5 Verkstæði, varaafstöð og tækjageymslur

Í verkstæðisaðstöðunni er eingöngu heimild til viðhalds og viðgerða á vélum og tækjum fyrirtækisins, en ekki utanaðkomandi tækja.

Í verkstæðinu er viðgerðargryfja með niðurfalli.

Varaafsstöð er staðsett í verkstæðisbyggingu, afl stöðvarinnar er 350 kVA. Stöðin er knúin með díselolíu.

Um starfsemina gildir m.a.:

- Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- Samræmd almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfisstofnuneyti, fylgiskjal 3.
- Samræmd starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði, fylgiskjal 1.



## 2.6 Olíumannvirki

Után við verkstæðið eru tveir tankar. 3500L tankur með litaðri díselolíu sem er í innbyggðri lekaþró. Hinn tankurinn er 1200L, í steyptri lekaþró og inniheldur díselolíu sem ætluð er á varaafstöð. Úr þeim tanki liggja lagnir inn í hús. Úrgangsolíu er safnað í tunnur sem geymdar eru í gryfju verkstæðis.

Verkstæðið er innan girðingar

Um starfsemina gildir m.a.:

- Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## 3. UMHVERFI

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.

Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrífum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmon. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

## 4. MENGUNARVARNIR

- 4.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það



á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

- 4.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 4.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 4.4 Flugbrautir, flughlöð og svæði til áfyllingar á eldsneyti skulu vera með vökvaheldu yfirborði.
- 4.5 Olíumengað frátveitu- og regnvatn skal leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. íslenskum staðli um olíuskiljur, farið skal að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar við val og uppsetningu á olíuskilju. Viðhaldi og eftirliti með olíuskiljum skal einnig háttáð skv. leiðbeiningum.
- 4.6 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

#### Úrgangur

- 4.7 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 4.8 Úrgangur skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 4.9 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgangur skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.





- 4.10 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 4.11 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

#### **Meðferð hættulegra efna, þ.m.t. spilliefna**

- 4.12 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 4.13 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 4.14 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

#### **Meðferð olíu og frágangur olíugeyma**

- 4.15 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 4.16 Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu vera tryggðar við neyslugeyma og þeir þannig frá gengnir að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun. Þess skal jafnframt gætt að jarðvegur undir og umhverfis þá sé eins þéttur og völ er á.
- 4.17 Neyslugeymir sem notaður er fyrir áfyllingu á farartæki skal búinn yfirfillingarviðvörðun eða yfirfillingarvörn. Jafnframt skal hann útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubysa skal vera þannig útbúin að ekki sé hægt að festa hana í opinni stöðu á milli afgreiðslna Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 4.18 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.





## Hávaði

### 4.19 Varnir gegn hávaðamengun

Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi er til að draga úr hávaða af völdum flugumferðar og starfsemi vallarins á jörðu niðri. Hann skal hvetja til þess að viðhald og útbúnaður véla sé með þeim hætti að dregið sé úr hávaða frá þeim.

Eftirfarandi flugumferð er undanskilin hávaðatakörkum:

Sjúkraflug, flug vegna mannúðarmála, flug vegna leitar og björgunar, flug vegna þjóðaröryggis eð annara ríkismála. Enn fremur er öll flugumferð vegna véla í neyð eða véla sem ekki er hægt að beina annað, undanskilin takmörkunum um hávaða.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá hávaðatakörkunum:

Við erfið veðurskilyrði, s.s. mikinn vindhraða, ísingu og snjó, við viðgerð á flugbrautum og slys á vellinum.

Í töflu 1 eru gefin viðmiðunarmörk fyrir hávaðamengun utan- og innandryra vegna flugtaka og lendingu. Miðað er við mörk fyrir starfandi flugvelli í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 ásamt síðari breytingum.

Tafla 1. Mörk vegna hávaða frá flugumferð (Tafla II í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða)			
Tegund húsnæðis	Mörk við húsvegg $L_{den}$	Mörk við húsvegg $L_{AFmax,5\%}$ nótt	Innandryra $L_{Aeq,24h}$
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar	55*	80	30
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar á svæðum í nágrenni þegar starfandi flugvalla	65*	90	30

Komi fram vísbendingar um að hávaði hafi aukist frá starfseminni getur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands krafist þess að rekstraraðili láti vinna skýrslu um hávaðamengun þó ekki séu liðin fimm ár frá gerð síðustu skýrslu. Leiði niðurstöður hávaðamælinga í ljós að hávaði frá starfseminni eða einhverjum þáttum hennar, stenst ekki kröfur í reglugerð nr. 724/2008 getur heilbrigðiseftirlit sett frekari takmarkanir um starfsemina eða hluta hennar t.d. hvað varðar opnunartíma.



Við eftirlit með útreikningum á hávaðamengun, meðhöndlun á kvörtunum og við mat á staðsetningu bygginga í nágrenni flugvallarins skal notast við reikniaðferðir sem viðurkenndar eru skv. íslenskum reglugerðum.

Allar breytingar á starfsemi flugvallarins sem leitt geta til aukins ónæðis fyrir íbúðarbyggð skulu bornar undir heilbrigðiseftirlit áður en ráðist er í framkvæmdir.

#### **Loftmengun**

- 4.20 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.

#### **Fráveitur**

- 4.21 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. ristar, olúskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.
- 4.22 Olúskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 4.23 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

### **5. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA**

- 5.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:

- Hreinlætisáætlun og þrifaskráning fyrir flugstöð og snyrtingar.
- Skráning og á þjónustu og viðhaldi loftræstikerfa flugstöðvar.
- Skráningar á eftirliti með og kvittanir vegna tæminga á hreinsikerfum fráveitu (sandföng, olúskiljur og ef við á fituskilju).
- tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
- Kvittanir eða dagbókarfærslur vegna skila á hvers konar spilliefnum.
- Skráningar og rekstrarhandbækur vegna reksturs olúmannvirkja og geyma skv. reglugerð 884/2017.



- Skráningar á prófunum á sjálfvirkum mengunarvarnabúnaði svo sem yfirfyllingarviðvörðun á olíuskilju.
- Skráningar á mengunarslysum og viðbrögð við þeim.
- Kvartanaskráning. Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

- 5.2 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaeið, sbr. gr. 4.2.
- 5.3 Starfsemi hætt. Ef fyrirhugað er að leggja starfsemi niður skal tilkynna það skriflega til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands með amk fjögurra vikna fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfsemi af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi.
- Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarpörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olíugeyma, olíuskilja og lagna er byggingaleyfisskytt. Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olíugeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

## 6. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 6.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 6.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 15. mars 2023.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Áslaug Rut Áslaugsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi.



**Viðauki 1**

# Starfsskilyrði fyrir Bifreiða- og vélaverkstæði

*Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.*

*Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.*

## 1. UMGENGI Á LÓÐ

	Rgl.nr.
1.1 Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slyshættu eða hættu á mengun í jarðvegi.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2 Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003 16. og 18. gr.

## 2. FRÁVEITA

	Rgl.nr.
2.1 Hafa skal olíuskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Senda skal upplýsingar um olíuskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olíuskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli.	798/1999 5. gr. 884/2017 51. gr.
2.2 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gölfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíuskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.	798/1999 5. gr.
2.3 Olíuskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olíuskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017 gr. 51.
2.4 Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.	884/2017 63. gr. 798/1998 5. gr.
2.5 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju.	798/1999 5. gr. 884/2017

<p>2.6 Staðsetja skal ílát undir olíufeni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíufeni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.</p>	<p>43. gr., 50 gr. 809/1999 7. gr.</p>
--	--

### 3. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR


	Rgl.nr.
<p>3.1 Olíusúr og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olíusúrum má skila með málmúrgangi.</p>	<p>1040/2016 og rgl. nr. 806/1999</p>
<p>3.2 Hjá rekstraraðilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyra skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma.</p>	<p>884/2017 809/1999 7.gr. rgl. nr. 1040/2016 806/1999 8.gr.</p>
<p>3.3 Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.</p>	<p>1400/2020</p>
<p>3.4 Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum.</p>	<p>1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 rgl. nr. 1020/2011</p>
<p>3.5 Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.</p>	<p>737/2003 og rgl. nr. 806/1999</p>

#### Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Selfossi, 15. mars 2023.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Áslaug Rut Áslaugsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi.



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

# ISAVIA Innanlandsflugvellir ehf

kt. 591219-1380

Nauthólsvegi 60,  
102 Reykjavík

vegna flugvallar í starfstöð fyrirtækisins að Vestmannaeyjaflugvelli í Vestmannaeyjum.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 13. janúar sl. umsókn Viðars Jökuls Björnssonar, kt. 211181-5599, f.h. Isavia Innanlands ehf., kt. 591219-1380, um starfsleyfi fyrir flugvallarstarfsemi að Vestmannaeyjaflugvelli í Vestmannaeyjum.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi vegna útrunnis starfsleyfis auk þess sem breyting á kennitölu rekstraraðila og var móttaka umsóknar auglýst þann 14. febrúar sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 16. janúar sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Þann 17. janúar sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að





gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Vestmannaeyjaflugvöll á vegum Isavia Innanlands ehf á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 14. febrúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 14. mars sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 225. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 3. mars sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Isavia Innanlands ehf fyrir Vestmannaeyjaflugvöll tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 15. mars 2023.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Áslaug Rut Áslaugsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi.